



1. Álagning gjalda 2021.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að eftirfarandi forsendur verði lagðar til grundvallar álagningu útsvars, fasteignagjalda og lóðaleigu á árinu 2021.

- a. Álagt útsvar verði 14,52% vegna launa ársins 2021.
- b. Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts breytast frá fyrra ári (2020) og verða eftirfarandi á árinu 2021:
 - i. 0,2514% af álagningastofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (álagningarprósentan var 0,2407% árið 2020).
 - ii. 1,3200% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (álagningarprósentan er lögbundin og er óbreytt á milli árana 2020 og 2021).
 - iii. 1,400% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (óbreytt á milli árana 2020 og 2021).
- c. Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði kr. 19.256 fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp). Sorpeyðingargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði kr. 16.422 miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).

Gjöldin verði innheimt með fasteignagjöldum.
- d. Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum verði 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða (óbreytt á milli árana 2020 og 2021) og 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða (óbreytt á milli árana 2020 og 2021) og verði innheimt með fasteignagjöldum.
- e. Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m²) lóðar tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.

- f. Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2021 verði 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október en eindagi gjaldanna verði 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 25.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2021.

- g. Veitt verði ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2021, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

2. Þjónustugjaldskrár 2021.

Samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar Akraness hækka þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar 1. janúar ár hvert í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar sem byggir á þjóðhagsspa Hagstofu Íslands frá 1. júní síðastliðnum. Heimilt er með sérstækri ákvörðun að víkja frá hinni almennu hækkun.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að almennar þjónustugjaldskrár taki almennt breytingum samkvæmt tilmælum Sambands íslenskra sveitarfélaga til sveitarfélaga landsins um að væntanlegar gjaldskrárhækkunir taki mið af forsendum lífsskjarasamningum aðila almenna vinnumarkaðarins sem undirritaður var 3. apríl 2019.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar hækki um **2,5%** þann 1. janúar 2021 nema annað sé sérstaklega tilgreint í viðkomandi gjaldskrá.

Með vísan til framangreinds samþykkir bæjarstjórn eftirfarandi gjaldskrár vegna ársins 2021:

1. Gjaldskrá leikskóla (einstaka liðir taka meiri hækkun en sem nemur 2,5%)
2. Gjaldskrá vegna skólamáltíða (hækkun umfram 2,5%)
3. Gjaldskrá frístundar (hækkun sem nemur 2,5%)
4. Gjaldskrá dagstarfs (hækkun sem nemur 2,5%)

5. Gjaldskrá Tónlistarskóla Akraness (gjaldskráin einfölduð og hækkun sem nemur 2,5%)
6. Gjaldskrá íþróttamannvirkja (einstaka liðir taka meiri hækkun en sem nemur 2,5%)
7. Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu og heimsendingu matar (einstaka liðir taka meiri hækkun en sem nemur 2,5%)
8. Gjaldskrá Bókasafns Akraness (hækkun um 2,5%)
9. Gjaldskrá Héraðsskjalasafns Akraness (hækkun um 2,5%)
10. Gjaldskrá Ljósmyndasafns Akraness (hækkun um 2,5%)
11. Gjaldskrá Byggðasafnsins í Görðum (hækkun um 2,5%)
12. Gjaldskrá um hundahald á Akranesi (hækkun um 2,5%)
13. Gjaldskrá um kattahald á Akranesi (hækkun um 2,5%)
14. Gjaldskrá Akranesvita (hækkun um 2,5%)
15. Gjaldskrá Tjaldsvæðisins á Akranesi (sértæk ákvörðun í samvinnu við þjónustuveitanda)
16. Gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar á Akranesi (hækkun um 2,5%)

3. Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2021.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 2020 m.kr. vegna ýmissa fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2021 en þar af eru um 600 m.kr. vegna verkefna sem færast frá árinu 2020 yfir á árið 2021. Við framsetningu fjárhæðarinnar hefur verið tekið tilliti til tekna. Stærstu verkefnin sem færast á milli ára eru uppbygging Fjöliðjunnar, hönnun við Jaðarsbakka og bygging nýs leikskóla.

Helstu einstöku þættir fjárfestinga eru eftirfarandi:

- a. Nýframkvæmdir í gatnagerð og göngustígum m.a. á Langasandsreit, Flóahverfi, Faxabraut og Skógarhverfi ásamt viðhald gatna í eldri hverfum og göngustígum, samtals 246 m.kr. að teknu tilliti frádráttar vegna tekna (gatnagerðargjöld). Einnig samtals 6,0 m.kr. í umferðaröryggi.
- b. Endurskipulag grunnskólalóða Akraneskaupstaðar og bætt útisvæði þeirra, samtals 37,5 m.kr. ásamt sérstökum aðgerðum á ákveðum leikskólalóðum um bætt svæði yngri barna, samtals 7,5 m.kr.
- c. Fasteignir, stærri verkefni, samtals að fjárhæð 397,1 m.kr. Helstu verkefnin eru endurbygging Fjöliðjunnar, áframhaldandi viðhald og endurbætur við Brekkubæjarskóla, breytingar á Þekjuni hjá Fimleikahúsinu og innanhúsframkvæmdir þjónustumiðstöðvar aldraða við Dalbraut.
- d. Fasteignafélag Akraneskaupstaðar, samtals að fjárhæð 1031 m.kr. að teknu tilliti frádráttar vegna endurgreiðslu virðisauka. Stærstu einstöku verkefnin eru bygging nýs leikskóla í Skógarhverfi og fyrsti áfangi í uppbyggingu Jaðarsbakka. Einnig er hér gert ráð fyrir stofnframlögum vegna Þjóðbraut 3-5 og annarra uppbyggingar, samtals 113,6 m.kr.
- e. Uppbygging nýrra svæða, samtals að fjárhæð um 10 m.kr. en um er að ræða framkvæmdir á svonefndum Dalbrautarreit.
- f. Aðrar framkvæmdir og kaup á stofnbúnaði, samtals að fjárhæð um 10 m.kr. Helstu verkefni eru endurnýjun búnaðar fyrir Slökkviliðið.

4. Almenn og sérgreint viðhald fasteigna 2021.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 166,1 m.kr. til almenns og sérgreinds viðhalds í Aðalsjóði, Eignasjóði, Byggðasafninu og í Fasteignafélagi Akraneskaupstaðar slf. á árinu 2021.

5. Útgjöld vegna starfsemi á skóla- og frístundasviði Akraneskaupstaðar

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 3.765 m.kr. króna vegna starfsemi á skóla- og frístundasviði á árinu 2021 sbr. yfirlit um skiptingu á milli málaflokka.

6. Útgjöld vegna starfsemi á velferðar- og mannréttindasviði Akraneskaupstaðar

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 1.202 m.kr. króna vegna starfsemi á velferðar- og mannréttindasviði á árinu 2021 sbr. yfirlit um skiptingu á milli málaflokka.

7. Útgjöld vegna starfsemi á skipulags- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 579 m.kr. vegna starfsemi á skipulags- og umhverfissviði á árinu 2021 sbr. yfirlit um skiptingu á milli málaflokka.

8. Útgjöld vegna starfsemi sviði menningarmála hjá Akraneskaupstað

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 233 m.kr. vegna menningarstarfsemi á árinu 2021 sbr. yfirlit um skiptingu á milli málaflokka.

9. Útgjöld vegna starfsemi á sviði atvinnu- og ferðamála hjá Akraneskaupstað

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 32 m.kr. vegna starfsemi á sviði atvinnu- og ferðamála á árinu 2021 sbr. yfirlit um skiptingu á milli málaflokka.

10. Útgjöld vegna sameiginlegs kostnaðar hjá Akraneskaupstað

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 953 m.kr. vegna sameiginlegs kostnaðar á árinu 2021 sbr. yfirlit um skiptingu á milli málaflokka.

11. Stjórnmalasamtök á Akranesi 2021.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir með vísan til 5. gr. laga nr. 162/2006 að ráðstafa 1,0 m.kr. til starfsemi stjórnmalaflokka á Akranesi.

Akranesi 26. nóvember 2020

Sævar Freyr Þráinsson

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri